

Stjórnartíðindi

1988 - C-deild

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1988

C-DEILD



REYKJAVÍK — 1989
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	3. jan.	Auglýsing um breytingar á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944	1
2	3. jan.	Auglýsing um gildistöku breytinga á samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO)	1
3	3. jan.	Auglýsing um breytingu á Evrópusamningi um tímabundinn tollfrjálsan innflutning lækningatækja o.fl.	2
4	25. febr.	Auglýsing um uppsögn viðskiptasamnings við Frakkland	2
5	30. maí	Auglýsing um uppsögn framsalssamnings við Ástralíu	2
6	24. júní	Auglýsing um samning við Bandaríkin um hvalamálefni	3–5
7	5. júlí	Auglýsing um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunar-samtaka Evrópu (EFTA)	5–10
8	21. sept.	Auglýsing um gildistöku samnings við Noreg um loðnuveiðar	10
9	20. okt.	Auglýsing um gildistöku viðbótarsamnings nr. 7 við Mannréttindasáttmála Evrópu	10
10	30. nóv.	Auglýsing um breytingar á verslunar- og siglingasamningi við Grikkland	11
11	30. nóv.	Auglýsing um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins	11–12
12	31. des.	Auglýsing um samning við Noreg um loðnuveiðar	12–13
13	31. des.	Auglýsing um Norðurlandasamning um sameiginlegan vinnu-markað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum	14–16
14	31. des.	Auglýsing um Norðurlandasamning um sameiginlegan vinnu-markað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum	16–18
15	31. des.	Auglýsing um samning um norrænan þróunarsjóð	18–21

STJÓRNARTÍÐINDI C – 1988

3. janúar 1988

Nr. 1

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944.

Hinn 17. maí 1971 var framkvæmdastjóra Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) afhent fullgildingarskjal Íslands vegna breytingar á 50. gr. a-lið samþykktarinnar um alþjóðaflugmál (stofnskrár Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) frá 7. desember 1944, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 50. Breytingin var gerð í New York 12. mars 1971. Breytingin öðlaðist gildi 16. janúar 1973. Með breytingunni var fulltrúum í fastaráði stofnunarinnar fjölgað úr 27 í 30.

Hinn 27. september 1971 var framkvæmdastjóranum afhent fullgildingarskjal Íslands vegna breytingar á 56. gr. samþykktarinnar sem gerð var í Vín 7. júlí 1971. Breytingin öðlaðist gildi 19. desember 1974. Með breytingunni var fulltrúum í loftsiglinganefnd stofnunarinnar fjölgað úr 12 í 15.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. janúar 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

3. janúar 1988

Nr. 2

AUGLÝSING

um gildistöku breytinga á samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Hinn 10. nóvember 1984 öðluðust gildi breytingar á samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina frá 6. mars 1948 sem þing stofnunarinnar gerði með ályktun A.400(X) 17. nóvember 1977 og ályktun A.450(XI) 15. nóvember 1979, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1980 þar sem breytingarnar eru birtar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. janúar 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

AUGLÝSING

um breytingu á Evrópusamningi um tímabundinn tollfrjálsan innflutning lækningatækja o.fl.

Hinn 1. janúar 1985 gékk í gildi viðbótarbókun við samning frá 28. apríl 1960 um tímabundinn tollfrjálsan innflutning lækninga-, handlækninga- og efnarannsóknatækja, sem fengin eru að láni án endurgjalds, til notkunar í sjúkrahúsum og öðrum lækningastofnunum við sjúkdómsgreiningar eða aðgerðir. Bókun þessi var gerð í Strassborg 29. september 1982 og lögð fram til samþykktar 1. janúar 1983. Samkvæmt bókuninni verður Efnahagsbandalagi Evrópu heimilt að gerast aðili að samningnum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. janúar 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Nr. 4

25. febrúar 1988

AUGLÝSING

um uppsögn viðskiptasamnings við Frakkland.

Hinn 16. júní 1988 var erindaskiptum frá 24. maí 1966 um framlengingu samningsins milli Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 sagt upp, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 216 og auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1966. Uppsögn erindaskiptanna miðast við 1. janúar 1989 og fellur samningurinn jafnframt úr gildi þann dag.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. febrúar 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Nr. 5

30. maí 1988

AUGLÝSING

um uppsögn framsalssamnings við Ástralíu.

Hinn 22. maí 1988 var samningi milli Íslands og Ástralíu frá 31. maí 1873 um framsal sakamanna sagt upp, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 180. Uppsögnin miðast við 23. nóvember 1988 og þá fellur jafnframt úr gildi viðbótarsamningur frá 25. október 1938, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 182.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. maí 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

AUGLÝSING

um samning við Bandaríkin um hvalamáfefni.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 22. júní 1988 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna um hvalamáfefni. Samkomulagið öðlaðist gildi sama dag.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. júní 1988

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

a. Orðsending sendiherra Bandaríkjanna

Reykjavík, 22. júní 1988

Hr. utanríkisráðherra,

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna sem hafa átt sér stað í Reykjavík dagana 18. og 19. júní 1988 milli fulltrúa ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um áætlun Íslendinga um hvalarannsóknir með hliðsjón af nýlegum fundum Alþjóðahvalveiðiráðsins og vísindanefndar þess, tviðliða viðræðum í Ottawa 9. september 1987 og viðræðum í Washington 8. og 9. febrúar 1988.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna skilst að niðurstöður viðræðnanna séu þessar:

Íslensku fulltrúarnir lýstu eftirfarandi yfir um rannsóknáætlun Íslands á árinu 1988:

1. Allt að 68 langreyðar verða veiddar á árinu 1988. Þessi fækkun á fjölda veiddra dýra stafar af því að veiðar í vísindaskyni munu hefjast seinna á þessu ári en undanfarin ár.

2. Allt að 10 sandreyðar verða veiddar á árinu 1988. Þessi skerta veiði sandreyða er ætluð til að afla upplýsinga um frumuerfðafræði, í samræmi við tillögu vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins, og til að halda áfram rannsóknum á orkubúskap þeirra.

3. Íslendingar munu auka sýnatöku á ljósátu í þeim tilgangi að tengja á nákvæmari hátt en hingað til upplýsingar um fæðu- og orkubúskap hvala við upplýsingar um líffræði ljósátu á hvalamiðunum. Tímasetning og aðferðir við sýnatöku verða við það miðaðar að þessi tilgangur náist sem best.

a. Note from the Ambassador of the United States of America

Reykjavík, June 22, 1988

Dear Mr. Minister,

I have the honor to refer to discussions held in Reykjavík on June 18 and 19, 1988 between representatives of the Governments of Iceland and the United States to discuss the Icelandic program for whale research in the context of the recent meetings of the International Whaling Commission (IWC) and its Scientific Committee, the bilateral discussions held in Ottawa on September 9, 1987, and discussions held in Washington on February 8 and 9, 1988.

My government understands that the results of those discussions are as follows:

The representatives of Iceland made the following statements about Iceland's research program for 1988:

1. Up to 68 fin whales will be taken in 1988. This reduced number results from the fact that the research program will begin at a later date in 1988 than in previous years.

2. Up to 10 sei whales will be taken in 1988. The reduced take of sei whales will be for the purpose of research on cytogenetics, as recommended by the Scientific Committee, and to continue energetics research.

3. Iceland will increase its krill sampling and will optimize the timing and methodology of the sampling in order to allow more effective correlation of information on food and energetics of whales with information on the biology of euphausiids on the whaling grounds.

4. Íslendingar munu framfylgja þeim fimm vísindalegu tillögum varðandi rannsóknáætlun Íslendinga sem sérstaklega voru samþykktar á fundi vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins í San Diego í maí 1988.

Íslensku fulltrúarnir lýstu því enn fremur yfir að í skýrslu Íslands til ráðsins árið 1989 skv. ályktun IWC/40/32 yrðu eftirfarandi atriði tekin til athugunar:

1. Ástæður fyrir því að rannsóknir á vistfræði hvala séu eðlilegur og nauðsynlegur hluti af heildarúttekt á hvalastofnum heimsins, eða að öðru leyti brýnt rannsóknaverkefni.

2. Mikilvægi upplýsinga sem safnað var á árunum 1986 og 1987 til að meta aldur við nýliðun, kynþroskaaldur, þungunartíðni og aðra þætti er varða stofnstærð langreyða og sandreyða. Könnun á breytingum sem komið hafa fram þegar nýlegar rannsóknaniðurstöður eru bornar saman við upplýsingar frá atvinnuveidum.

3. Ályktanir sem hægt er að draga varðandi greiningu á mismunandi stofnum langreyða og sandreyða í Norður-Atlantshafi með rafdrætti eggjahvímuefna og öðrum líffræðilegum rannsóknum íslenskra vísindamanna.

Á grundvelli framangreinds mats á rannsóknáætlun Íslands fyrir árið 1988 og í ljósi þess að Íslendingar munu taka til athugunar þau atriði sem talin er upp hér að framan, féllust Bandaríkin á það að áætlun Íslands mundi ekki draga úr virkni Alþjóðasáttmálans um skipan hvalveiða eða verndunarákvæða hans.

Ég leyfi mér að fara þess á leit að þér staðfestið að framangreint sé einnig skilningur ríkisstjórnar Íslands.

Virðingarfyllst,

Nicholas Ruwe
Sendiherra Bandaríkjanna

Hr. utanríkisráðherra
Steingrímur Hermannsson
Reykjavík

4. Iceland will carry out the five specific scientific recommendations concerning the Icelandic research program adopted by the Scientific Committee at its San Diego meeting in May 1988.

The representatives of Iceland also stated that Iceland would address the following matters in its report to the IWC in 1989, pursuant to IWC/40/32.

1. The reasons why research on the ecological role of whales constitutes a reasonable and necessary contribution to the comprehensive assessment or a critical research need in its own right.

2. Contributions that the data gathered in 1986 and 1987 have made to estimating the ages of recruitment, the ages at sexual maturity, the pregnancy rates or other population parameters of fin and sei whales. Analysis of trends that have been revealed by comparison of these recent results with earlier data from commercial catches.

3. The inferences that can be drawn regarding the stock identities of fin and sei whales in the North Atlantic from the electrophoretic and biochemical analyses undertaken by Icelandic scientists.

Based on the foregoing understanding of the Icelandic research program for 1988, and the fact that Iceland would address the matters enumerated above, the United States agreed that the Icelandic program would not diminish the effectiveness of the International Convention for the Regulation of Whaling or its conservation program.

I should be grateful if you would confirm that this is also the understanding of the Government of Iceland.

Sincerely,

Nicholas Ruwe
American Ambassador

His Excellency
Steingrímur Hermannsson,
Minister for Foreign Affairs,
Reykjavík.

b. Svarorðsending utanríkisráðherra

Reykjavík, 22. júní 1988

Hr. sendiherra,

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar dags. 22. júní 1988 sem hljóðar svo:

[Sjá orðsendingu hér að framan.]

Ég leyfi mér að staðfesta að framangreint sé einnig skilningur ríkisstjórnar Íslands á niðurstöðum viðræðnanna.

Ég votta yður, hr. sendiherra, virðingu mína.

Steingrímur Hermannsson

Hr. L. Nicholas Ruwe
Sendiherra Bandaríkjanna
Reykjavík

b. Reply of the Minister for Foreign Affairs

Reykjavík, 22 June 1988

Dear Mr. Ambassador,

I have the honour to refer to your letter of 22 June 1988 which reads as follows:

[See Note above.]

I have the honour to confirm that the foregoing is also the understanding of the Government of Iceland.

Accept, Mr. Ambassador, the assurances of my highest consideration.

Steingrímur Hermannsson

H.E. Mr. L. Nicholas Ruwe,
Ambassador of the United
States of America,
Reykjavík

5. júlí 1988

Nr. 7

AUGLÝSING**um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka
Evrópu (EFTA).**

Hinn 1. júlí 1988 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samþykktar ráðs Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) nr. 15/1987 frá 14. desember 1987 um breytingu á samningi frá 4. janúar 1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1970. Breytingin öðlaðist gildi 1. júlí 1988.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 5. júlí 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

Samþykkt ráðsins nr. 15/1987
(Samþykkt á 18. fundi ráðsins 14. desember 1987)

Breyting á samningnum

Ný grein 12 bis og Viðauki H, ásamt breytingum á
1. mgr. (b) í 21. gr., á 1. mgr. 26. gr. og á 38. gr.

RÁÐIÐ,

sem hefur hliðsjón af ákvæðum 44. gr. samningsins, og

sem er staðráðið í að stuðla að því að komið verði í veg fyrir að viðskipti verði hindruð af tæknilegum orsökum, með því að ákveða tilhögun á kynningu á drögum að tæknilegum reglugerðum,

ÁLYKTAR:

I. Samningnum skal breytt svo sem hér greinir:

1. Ný grein, 12 bis, skal sett inn, svohljóðandi:

**„Tilkynningar um drög að tæknilegum
reglugerðum**

1. Aðildarríkin skulu eins fljótt og auðið er tilkynna ráðinu um öll drög að tæknilegum reglugerðum og vottunarkerfum eða breytingum á þeim.

2. Tilkynningakerfi er hér með stofnað. Nánari ákvæði um þetta kerfi eru í Viðauka H.

3. Ráðið getur ákveðið að breyta þessari grein og ákvæðum í Viðauka H.“

2. Bætt skal við Viðauka H, með þeim texta sem fram kemur í viðauka við samþykkt þessa.

3. 1. mgr. (b) í 21. gr. skal breytt þannig:

„(b) Engin ákvæði undanfarandi greina samnings þessa nema 1. gr., 12. gr. bis og 17. gr. gilda um þær vörur sem skráðar eru í II. og III. hluta Viðauka D. Ákvæði þau sem vísað er til í 2. mgr. gilda um þær vörur.“

Decision of the Council No. 15 of 1987
(Adopted at the 18th Meeting on 14 December 1987)

Amendment of the Convention

Introduction of a new Article 12bis, and an Annex H, and amendments to paragraph 1(b) of Article 21, to paragraph 1 of Article 26 and to Article 38.

THE COUNCIL,

Having regard to the provisions of Article 44 of the Convention, and

Determined to contribute to the prevention of technical barriers to trade by establishing a notification procedure for draft technical regulations,

DECIDES:

I. The Convention shall be amended as follows:

1. A new Article 12bis shall be introduced with the following wording:

“Notification of draft technical regulations

1. Member States shall notify to the Council at the earliest practicable stage all draft technical regulations and certification systems or amendments thereto.

2. A notification procedure is hereby established, the details of which are contained in Annex H.

3. The Council may decide to amend the provisions of this Article and those of Annex H.”

2. An Annex H shall be introduced with the wording set out at Annex to this Decision.

3. Paragraph 1 (b) of Article 21 shall be amended to read:

“(b) In relation to the goods listed in Part II or in Part III of Annex D none of the provisions in the foregoing Articles of this Convention, except Articles 1, 12bis and 17, shall apply. The provisions referred to in paragraph 2 shall apply to such goods.”

4. 1. mgr. 26. gr. skal breytt þannig:

„1. Engin ákvæði undanfarandi greina þessa samnings, nema 1. gr., 12. gr. bis og 17. gr. skulu gilda um fisk og aðrar þær sjávarafurðir sem skráðar eru í Viðauka E. Sérákvæði þau, sem skulu gilda um þann fisk og þær aðrar sjávarafurðir, er að finna í 27. og 28. gr.“

5. Eftirfarandi orðum skal bætt við núverandi texta 38. gr.:

„Viðauki H Tilkynningakerfi fyrir drög að tæknilegum reglugerðum.“

II. Breytingum þessum á samningnum sem hér hafa verið samþykktar er vísað til aðildarríkja til staðfestingar. Skulu þær öðlast gildi 1. júlí 1988.

III. Framkvæmdastjóri skal afhenda ríkisstjórn Svíþjóðar texta samþykktar þessarar til vörslu.

Viðauki I

Viðauki H við EFTA-samninginn

Tilkynningakerfi fyrir drög að tæknilegum reglugerðum

1. gr.

Aðildarríkin skulu eins fljótt og auðið er til kynna ráðinu um öll drög að tæknilegum reglugerðum og vottunarkerfum, og breytingum á þeim sem þau hyggjast gera (hér á eftir er orðasambandið „tæknileg reglugerð“ einnig látið ná yfir „vottunarkerfi“ og „breytingar“).

2. gr.

Hvað tilhögun þessa snertir gilda eftirfarandi orðaskýringar:

(a) „Tæknilýsing“: Lýsing í skjali sem skýrir frá einkennum þeim er vara skal hafa, svo sem gæðum, afkastagetu, öryggisatriðum eða stærð, þar með taldar kröfur þær sem gerðar eru varðandi vöruna hvað snertir heiti, tákn, prófun og prófunaraðferðir, þökkun og áritun eða merkingu.

4. Paragraph 1 of Article 26 shall be amended to read:

“1. The provisions in all the foregoing Articles of this Convention, except Articles 1, 12bis and 17, shall not apply in relation to the fish and other marine products which are listed in Annex E. The special provisions which shall apply to those fish and other marine products are set out in Articles 27 and 28.”

5. The following wording shall be added at the end of the present text of Article 38:

“Annex H – Procedure for the notification of draft technical regulations.”

II. The amendments to the Convention as hereby approved are submitted to the Member States for acceptance. They shall enter into force on 1 July 1988.

III. The Secretary-General shall deposit the text of this Decision with the Government of Sweden.

Annex I

Annex H to the EFTA Convention

Procedure for the Notification of Draft Technical Regulations

Article 1

Member States shall notify to the Council at the earliest practicable stage draft technical regulations, draft certification systems and draft amendments thereto which they intend to issue (hereinafter the words “technical regulation” are taken to include “certification system” and “amendments” as well).

Article 2

For the purposes of this procedure the following meanings shall apply:

(a) “Technical specification”: a specification contained in a document which lays down the characteristics required of a product such as level of quality, performance, safety or dimensions, including the requirements applicable to the product as regards terminology, symbols, testing and test methods, packaging, marking or labelling;

(b) „Tæknileg reglugerð“: Tæknilýsing, þar með taldar þær stjórnvaldsreglur sem lögskylt er að fara eftir eða sem nauðsyn býður að farið sé eftir við markaðssetningu eða notkun í aðildarríki eða verulegum hluta aðildarríkis, að undanteknum þeim sem svæðisbundin yfirvöld eða sveitarstjórnir setja.

(c) „Drög að tæknilegri reglugerð“: Texti tæknilýsingar ásamt stjórnvaldsreglum sem saminn hefur verið til setningar eða sem undirbúningur að setningu tæknilegrar reglugerðar, enda sé textinn á slíku undirbúningsstigi að breytingar megi enn gera.

(d) „Drög að vottunarkerfi“: Texti sem lýsir kerfi sem meðferðar- og stjórnunarreglur hafa verið settar um, um hvernig staðfesta skuli samræmi við tæknilega reglugerð, og saminn er til að koma á eða sem undirbúningur að því að komið sé á lögbundnu vottunarkerfi, enda sé textinn á slíku undirbúningsstigi að breytingar megi enn gera.

(e) „Vara“: Vara sem einhver ákvæði samningsins gilda um, hvort sem um er að ræða iðnaðarframleiðslu, landbúnaðarvöru, eða fisk eða aðrar sjávarafurðir.

3. gr.

1. Í tilkynningu skal

(a) greina, á enskri tungu, óstyttna texta draga að hinni tæknilegu reglugerð, eða samantekt hans eða skýringu á efni hans, og skal í hinum tveimur síðargreindu tilvikum láta eintak hinnar fyrirhuguðu reglugerðar fylgja með tilkynningunni á tungu viðkomandi þjóðar,

(b) tilgreina hvort drögin séu að öllu leyti eins og tæknilýsing á viðkomandi sviði sem útbúin er af alþjóðlegum starfshópi eða svæðisstarfshópi, eða hvort þau víki frá slíkri lýsingu, og ef svo er skal tilgreina ástæður fyrir frávikunum,

(c) tilgreina nafn og aðsetur þess stjórnvalds sem bært er til að veita frekari upplýsingar um reglugerðina,

(d) tilgreina fyrirhugaðan gildistökudag.

2. Nú er í drögum að tæknilegri reglugerð einungis tekinn upp óstyttnur texti alþjóðlegs eða evrópsks staðals, og nægir þá að upplýsingar um þann staðal fylgi.

(b) “Technical regulation”: technical specifications, including the relevant administrative provisions, the observance of which is compulsory, de jure or de facto, in the case of marketing or use in a Member State or a major part thereof, except those laid down by regional or local government authorities;

(c) “Draft technical regulation”: the text of a technical specification including administrative provisions, formulated with the aim of enacting it or of ultimately having it enacted as a technical regulation, the text being at a stage of preparation at which amendments can still be made;

(d) “Draft certification system”: the text for a system having its own rules of procedure and management for carrying out certification of conformity with a technical regulation, formulated with the aim of enacting it or of ultimately having it enacted as a certification system, the text being at a stage of preparation at which amendments can still be made;

(e) “Product”: products covered by any provision of the Convention, whether industrially manufactured products, agricultural goods or fish and other marine products.

Article 3

1. The notification shall:

(a) give, in the English language, the full text of the draft technical regulation or a summary of it or an explanation of its content; in the last two cases a copy of the proposed regulation in the national language shall be attached to the notification;

(b) indicate whether the draft technical regulation is identical with a technical specification in the subject matter concerned worked out by an international or regional body or whether it deviates from such specifications; when deviating from such specifications the reasons for the deviations shall be given;

(c) state the name and address of the national authority competent to give further information on the regulation;

(d) indicate the envisaged date of entry into force.

2. Where a draft technical regulation merely transposes the full text of an international or European standard information regarding the relevant standard shall suffice.

4. gr.

Tilkynning ásamt athugasemdum annarra aðildarríkja við hana skal yfirleitt send til allra aðildarríkja fyrir milligöngu ráðsins. Ef athugasemdir eru sendar beint til stjórnvalds viðkomandi ríkis í áriðandi tilvikum skal afrit sent til allra aðildarríkja fyrir milligöngu ráðsins.

5. gr.

Frestur til athugasemda við tilkynningu skal ekki vera skemmri en þrír mánuðir frá dagsetningu hennar. Meðan á frestinum stendur má ekki veita drögum að tæknilegri reglugerð gildi.

6. gr.

Í annarri tilkynningu skal greina að hve miklu leyti unnt hefur verið að taka tillit til athugasemda sem borist hafa frá öðrum aðildarríkjum, hverjar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á þeim drögum sem kynnt voru, og dag þann sem reglugerð öðlast gildi.

7. gr.

Sé þess óskað skulu upplýsingar sem berast frá öðrum aðildarríkjum samkvæmt 1.–6. gr. vera trúnaðarmál. Þó mega stjórnvöld leita sérfræðiálits manna eða lögpersóna, þar á meðal manna sem ekki starfa á vegum opinberra aðila, enda sé nauðsynlegra varúðarráðstafana gætt.

8. gr.

Aðildarríki skulu fresta gildistöku draga að tæknilegri reglugerð í sex mánuði frá tilkynningardegi, ef annað aðildarríki lætur innan þriggja mánaða frá þeim degi í té ítarlegt álit um að breyta verði þeim drögum að tæknilegri reglugerð, sem tilkynnt voru, til að koma í veg fyrir eða draga úr viðskiptahömlum af einhverju tagi. Ef aðildarríkið sem tilkynnti drögin vefengir að álitinu eða hluti þess sé á rökum reist getur aðildarríkið sem álitinu veitti farið fram á sérfræðilegar viðræður við tilkynningarríkið, eða lagt málið fyrir nefnd þá sem fjallað er um í 10. gr. Fari sérfræðilegar viðræður fram skal tilkynna nefndinni um þær.

9. gr.

5. og 8. gr. gilda ekki er aðildarríki verður, af knýjandi ástæðum sem varða heilsuvernd eða öryggi almennings eða vernd dýra eða jarðargróðurs, að semja reglugerð á mjög skömmum tíma og veita henni þegar gildi án þess að unnt sé að hafa um það samráð. Í slíkum tilvikum skal

Article 4

The notification as well as comments thereon by other Member States shall normally be circulated through the Council to all the Member States. If in urgent cases the comments are addressed directly to the authority of the country concerned, a copy shall be circulated through the Council to all the Member States.

Article 5

The time-limit for comments on notifications shall be at least three months from the date of the notification. During this period the draft technical regulation may not be adopted.

Article 6

An additional notification shall indicate to what extent it has been possible to take account of any comment received from other Member States, any change of substance made as compared with the notified draft, and the date of entry into force of the regulation.

Article 7

The information received from other Member States according to Articles 1–6 shall upon request be confidential. However, the national authorities may, provided that the necessary precautions are taken, consult, for an expert opinion, natural or legal persons, including persons in the private sector.

Article 8

Member States shall postpone the adoption of a draft technical regulation for six months from the date of the notification if, within three months of that date, another Member State delivers a detailed opinion to the effect that the draft technical regulation notified must be amended in order to prevent or reduce any barriers to trade. If the notifying Member State disputes the soundness of the detailed opinion or of parts thereof the Member State delivering it may request expert consultations with the notifying Member State or may submit the question to the Committee referred to in Article 10. In the case of expert consultations the Committee must be notified.

Article 9

Article 5 and 8 shall not apply when, for urgent reasons relating to the protection of public health or safety, the protection of health and life of animals or plants, a Member State is obliged to prepare regulations in a very short period of time in order to enact and introduce them immediately

viðkomandi aðildarríki tilgreina í tilkynningu samkvæmt 1. gr. hverjar ástæður réttlæta hinar skyndilegu aðgerðir.

without any consultations being possible. In the said cases the Member State in question shall state in the notification made in accordance with Article 1 the grounds warranting the urgent adoption of the measures.

10. gr.

Ráðið skal skipa nefnd til að stjórna tilhögun þessari og tryggja rétta framkvæmd hennar. Í því skyni, svo og er mál eru lögð fyrir nefndina til athugunar samkvæmt 8. gr., getur nefndin sent ráðinu tilmæli sín. Nefndin getur leitað aðstoðar sérfræðinga eða ráðgjafa, og skal hún koma saman hvenær sem þörf er á, en ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Skal hún árlega gefa ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar tilhögunar.

Article 10

The Council shall designate a Committee to be in charge of administering this procedure and of ensuring its proper implementation. For this purpose and when questions are submitted to the Committee according to Article 8 the Committee may make recommendations to the Council. The Committee may call on the assistance of experts or advisers and shall meet whenever necessary but at least twice a year. Once a year it shall submit to the Council a report on the implementation of the procedure.

Nr. 8

21. september 1988

AUGLÝSING

um gildistöku samnings við Noreg um loðnuveiðar.

Samkomulag milli Íslands og Noregs frá 15. og 16. desember 1987 um loðnuveiðar Norðmanna innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1988 öðlaðist gildi 16. september 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 28/1987 þar sem samkomulagið er birt. Alþingi heimilaði staðfestingu samkomulagsins með ályktun 4. janúar 1988.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. september 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Nr. 9

20. október 1988

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarsamnings nr. 7 við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Hinn 1. nóvember 1988 öðlast viðbótarsamningur nr. 7 frá 22. nóvember 1984 við Mannréttindasáttmála Evrópu frá 4. nóvember 1950 gildi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1987 þar sem viðbótarsamningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. október 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

AUGLÝSING

um breytingar á verslunar- og siglingasamningi við Grikkland.

Með orðsendingu utanríkisráðuneytis Grikklands dags. 30. desember 1987 og svarorðsendingu sendiráðs Íslands í Bonn dags. 18. maí 1988 voru gerðar þær breytingar á verslunar- og siglingasamningi frá 28. janúar 1930 milli Íslands og Grikklands, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 77/1931, að 2. gr. samningsins og lokabókun var sagt upp og tilvísun í 1. gr. samningsins til verslunar felld niður. Breytingar þessar öðluðust gildi 15. nóvember 1988.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. nóvember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

30. nóvember 1988

Nr. 11

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. gr. d. lið stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1950 var við aðild San Marino að ráðinu gerð breyting á 26. gr. stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950. Var ákveðið að San Marino skyldi öðlast rétt á 2 þingfulltrúum. Breyting þessi tók gildi 16. nóvember 1988.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. nóvember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

The amended text of Article 26 is worded as follows:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

“Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austurríki	6
Belgía	7
Kýpur	3
Danmörk	5
Frakkland	18
Sambandslýðveldið Þýskaland	18
Grikkland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Liechtenstein	2
Lúxemborg	3

Austria	6
Belgium	7
Cyprus	3
Denmark	5
France	18
Federal Republic of Germany	18
Greece	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Liechtenstein	2
Luxembourg	3

Malta	3	Malta	3
Holland	7	Netherlands	7
Noregur	5	Norway	5
Portúgal	7	Portugal	7
San Marino	2	San Marino	2
Spánn	12	Spain	12
Svíþjóð	6	Sweden	6
Sviss	6	Switzerland	6
Tyrkland	12	Turkey	12
Híð sameinaða konungsríki Stóra-Bret-		United Kingdom of Great Britain and	
lands og Norður-Írlands	18"	Northern Ireland	18"

AUGLÝSING

um samning við Noreg um loðnuveiðar.

Hinn 29. desember 1988 öðlaðist samkomulag milli Íslands og Noregs frá 1. desember 1988 um loðnuveiðar Norðmanna innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 5. desember 1988 til 15. janúar 1989 gildi endanlega. Samkomulagið öðlaðist gildi til bráðabirgða 1. desember 1988. Alþingi heimilaði staðfestingu samkomulagsins með ályktun 15. desember 1988.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

Orðsending sendiherra Noregs til utanríkisráðherra

Reykjavík, 1. desember 1988

Herr Utenriksminister,

Jeg har den ære å vise til drøftelser som har funnet sted de siste uker mellom representanter for våre to regjeringer om norsk interesse for å fiske lodde innenfor Islands fiskerigrense i desember 1988/februar 1989. Drøftelsene har funnet sted på grunnlag av overenskomsten av 28. mai 1980 om fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål, især med henblikk på den endring av Norges loddekvote for sesongen 1988-89 som, ifølge artikkel 4 i overenskomsten, skal gjøres som følge av økningen i den totalt tillatte fangst.

Jeg kan bekrefte at man under de nevnte drøftelser er blitt enig om følgende:

1. Norske fiskefartøyer gis tillatelse til å fiske innenfor Islands 200 n. mils fiskerigrense i tiden 5. desember 1988 til 15. februar 1989 inntil 54.000 tonn lodde, og også den del som tilfaller Norge ved eventuell ytterligere forhøjelse af totalfangsten, med den begrensning at loddefiske i området sør for 64°30' N, vest for 13°00' V er forbudt.
2. Slik tillatelse gis til fartøyer som det islandske fiskeridepartement godkjenner.
3. Det islandske fiskeridepartement skal fastsette regler om de norske fiskefartøyers meldeplikt innenfor Islands sone, herunder om daglig melding om fartøyenes posisjon og fangster.

Dersom Deres regjering er enig i ovenstående, har jeg den ære å foreslå at dette brev og Deres svarbrev skal utgjøre en avtale mellem våre to regjeringer, sem trer midlertidig i kraft ved datoen for

Deres svarbrev og trer endelig i kraft når de to regjeringer har meddelt hverandre at deres konstitusjonelle krav er oppfylt.

Motta, Herr Utenriksminister, forsikringen om min mest utmerkede høyaktelse.

Per Aasen
Ambassadør

Hans Eksellense
Utenriksminister Jón Baldvin Hannibalsson
Reykjavík

Svarorðsending utanríkisráðherra

Reykjavík, 1. desember 1988

Herra sendiherra,

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar, dags, í dag, sem hljóðar svo:

„Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem fram hafa farið undanfarnar vikur milli fulltrúa ríkisstjórna okkar, um áhuga Norðmanna á því að veiða loðnu innan fiskveiðimarka Íslands í desember 1988–febrúar 1989. Viðræðurnar fóru fram á grundvelli samkomulags frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunns mál, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem skv. 4. gr. samkomulagsins þarf að gera á hlutdeild Noregs í loðnuafli 1988–1989 vegna aukningar á leyfilegu aflamagni.

Ég get staðfest hér með eftirfarandi samkomulag sem náðist í viðræðunum:

1. Norskum veiðiskipum verður heimilað að veiða innan 200 sjómílna fiskveiðimarka Íslands á tímabilinu 5. desember 1988 til 15. febrúar 1989 allt að 54.000 lestin loðnu, auk þess afla sem fellur í hlut Noregs komi til frekari aukningar á heildarafla, þó með þeirri takmörkun að loðnuveiðar eru bannaðar á svæði sunnan 64°30' N vestan 13°00' V.
2. Heimild þessi er bundin við skip sem íslenska sjávarútvegsráðuneytið samþykkir.
3. Íslenska sjávarútvegsráðuneytið mun setja reglur um tilkynningaskyldu norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu, þ. á m. um daglega staðsetningu skipa og afla þeirra.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu leyfi ég mér að leggja til að orðsending þessi og svar yðar myndi samning milli ríkisstjórna landanna sem taki gildi til bráðabirgða þann dag er svarbréf yðar er dagsett og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands er sammála ofangreindu og fellst á að orðsending yðar og svar þetta skoðist sem samningur milli ríkisstjórnanna er tekur gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hr. sendiherra
Per Aasen
Norska sendiráðið
Reykjavík

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bókleg- um greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum.

Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara og sérkennara í grunnskólum var staðfestur fyrir Íslands hönd í dag. Samningurinn var gerður í Reykjavík 29. september 1986. Alþingi heimilaði staðfestingu samningsins með ályktun 20. desember 1988. Hann öðlast gildi 30. janúar 1989.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Útanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli

Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara* og sérkennara í grunnskólum

- Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,
- sem áður hafa gert með sér samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem undirritað var 6. mars 1982,
 - sem áður hafa gert með sér samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bökkjarkennara) í grunnskólum sem undirritað var 3. mars 1982,
 - sem telja að kostur á frjálsum skiptum grunnskólakennara milli Norðurlanda geti orðið til hagsbóta fyrir þróun skólastarfs í þessum löndum,
- hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. grein

Hver sá sem lokið hefur námi, eigi skemmra en fjögurra ára, sem í einhverju aðildarlandanna er opinberlega viðurkennt sem **greinakennaramenntun** fyrir grunnskóla og veitir réttindi til starfa sem kennari í efri bekkjum grunnskóla (7.-9./10. bekk) í **almennum bóklegum greinum** hefur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, réttindi til starfa sem greinakennari í sérhverju hinna aðildarlandanna og skal heimilt að starfa sem slíkur, að því tilskildu að menntun í kennslugreinum samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirmælum í hlutaðeigandi landi.

Hver sá sem lokið hefur námi, eigi skemmra en þriggja ára, sem í einhverju aðildarlandanna er opinberlega viðurkennt sem kennaramenntun fyrir grunnskóla og veitir réttindi til starfa sem kennari í almennum **list- og verkmenntagreinum eða íþróttum** (t.d. heimilisfræðum, íþróttum, tónmennt, handíðum, myndmennt) hefur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, réttindi til starfa sem kennari í þeim greinum í sérhverju aðildarlandanna og skal heimilt að starfa sem slíkur, að því tilskildu að menntun í kennslugreinum samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirmælum í hlutaðeigandi landi.

* Í Finnlandi: ämneslärare

Hver sá sem lokið hefur námi sem í einhverju aðildarlandanna er opinberlega viðurkennt sem kennaramenntun fyrir grunnskóla samkvæmt gildandi samningi og **sérkennaramenntun** sem veitir réttindi til kennslu á hlutaðeigandi stigum grunnskóla hefur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, réttindi til starfa sem sérkennari í sérhverju hinna aðildarlandanna og skal heimilt að starfa sem slíkur, að því tilskildu að markmið sérkennaramenntunar hans samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirmælum í hlutaðeigandi landi.

2. grein

Sá sem lokið hefur styttra kennaranámi í almennum list- og verkmenntagreinum eða íþróttum en kveðið er á um hér að framan getur hlotið úrskurð um kennsluréttindi í viðtökulandi ef sérstakar ástæður þykja til. Um mál sem ákvæði þessarar greinar taka til skal fjallað svo sem tíðkast um undanþágur.

3. grein

Kennari í einu aðildarlandanna sem ráðinn er að grunnskóla í öðru aðildarlandi skal hafa fullnægjandi kunnáttu í því tungumáli sem kennt er á í skólanum.

4. grein

Kennari sem hlotið hefur réttindaviðurkenningu samkvæmt þessum samningi skal að meginreglu eiga rétt á að sækja um og fá starf sem kennari í öðru aðildarlandi, enda þótt umsækjandi sé ekki ríkisborgari í því landi.

Kennarastarf í einu aðildarlandanna skal í öðru aðildarlandi, þar sem starfinu er haldið áfram, lagt að jöfnu við samsvarandi starf innt af hendi í síðarnefndu landi.

5. grein

Kennari í einu aðildarlandanna sem fengið hefur starf í öðru aðildarlandi skal að meginreglu standa jafnt kennurum í síðarnefndu landi að því er varðar rétt til launa og eftirlauna** svo og önnur réttindi er starfinu fylgja.

6. grein

Sérhvert aðildarlandanna skal eftir undirritun þessa samnings - eftir því sem unnt er - hlutast til um breytingar á gildandi innlendum reglum í samræmi við meginreglur þær sem lýst er í 1.-5. grein.

7. grein

Aðalstjórnvöldum skólamála í aðildarlöndunum ber að fylgjast með þróun vinnumarkaðar kennara í hlutaðeigandi löndum og tilkynna Norrænu vinnumarkaðsnefndinni ef sérstakra aðgerða er þörf.

Aðalstjórnvöldum skólamála ber að skiptast stöðugt á upplýsingum um atriði sem máli skipta til að meta þróunina á vinnumarkaði kennara í aðildarlöndunum.

8. grein

Samningurinn öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt íslenska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

Íslenska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og gildistöku samningsins.

9. grein

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til íslenska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum samningsaðilum um að slík tilkynning hafi borist og um efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess samningsaðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að íslenska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

** Sjá „Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu eftirlaunaréttinda samkvæmt reglum um eftirlaun ríkisstarfsmanna“ frá 18. desember 1973.

10. grein

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í íslenska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík hinn 29. september 1986 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum.

Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum var staðfestur fyrir Íslands hönd í dag. Samningurinn var gerður í Reykjavík 29. september 1986. Alþingi heimilaði staðfestingu samningsins með ályktun 20. desember 1988. Hann öðlast gildi 30. janúar 1989.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli

Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan vinnumarkað kennara í bóklegum greinum, list- og verkmennta- og íþróttakennara í framhaldsskólum

- Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,
- sem áður hafa gert með sér samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem undirritað var 6. mars 1982,
 - sem áður hafa gert með sér samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum sem undirritað var 3. mars 1982,
 - sem telja að kostur á frjálsum skiptum framhaldsskólakennara milli Norðurlanda geti orðið til hagsbóta fyrir þróun skólastarfs í þessum löndum,
- hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. grein

Hver sá sem lokið hefur námi, eigi skemmra en fjögurra ára, sem í einhverju aðildarlandanna er opinberlega viðurkennt sem **greinakennaramenntun** fyrir framhaldsskóla og veitir réttindi til starfa sem kennari í **almennum bóklegum greinum** á því skólastigi hefur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, réttindi til starfa sem greinakennari í sérhverju hinna aðildarlandanna og skal heimilt að starfa sem slíkur, að því tilskildu að menntun í kennslugreinum samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirætlum í hlutaðeigandi landi.

Hver sá sem lokið hefur námi, eigi skemmra en þriggja ára, sem í einhverju aðildarlandanna er opinberlega viðurkennt sem kennaramenntun fyrir framhaldsskóla og veitir réttindi til starfa sem kennari á því skólastigi í almennum **list- og verkmenntagreinum eða íþróttum**, (t.d. íþróttum, tónmennt, handíðum, myndmennt, vefjarfræði) hefur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samningnum greinir, réttindi til starfa sem kennari í þeim greinum í sérhverju aðildarlandanna og skal heimilt að starfa sem slíkur, að því tilskildu að menntun í kennslugreinum samrýmist í meginatriðum gildandi ákvæðum og fyrirætlum í hlutaðeigandi landi.

Í Danmörku er verkmenntun í höndum skóla sem eru einkastofnanir og sjálfstæðar um ráðningu kennara.

2. grein

Sá sem lokið hefur styttra kennaranámi í almennum list- og verkmenntagreinum eða íþróttum en kveðið er á um hér að framan getur hlotið úrskurð um kennsluréttindi í viðtökulandi ef sérstakar ástæður þykja til. Um mál sem ákvæði þessarar greinar taka til skal fjallað svo sem tíðkast um undanþágur.

3. grein

Kennari í einu aðildarlandanna sem ráðinn er að framhaldsskóla í öðru aðildarlandi skal hafa fullnægjandi kunnáttu í því tungumáli sem kennt er á í skólanum.

4. grein

Kennari sem hlotið hefur réttindaviðurkenningu samkvæmt þessum samningi skal að meginreglu eiga rétt á að sækja um og fá starf sem kennari í öðru aðildarlandi, enda þótt umsækjandi sé ekki ríkisborgari í því landi.

Kennarastarf í einu aðildarlandanna skal í öðru aðildarlandi, þar sem starfinu er haldið áfram, lagt að jöfnu við samsvarandi starf innt af hendi í síðarnefndu landi.

5. grein

Kennari í einu aðildarlandanna sem fengið hefur starf í öðru aðildarlandi skal að meginreglu standa jafnt kennurum í síðarnefndu landi að því er varðar rétt til launa og eftirlauna* svo og önnur réttindi er starfinu fylgja.

6. grein

Sérhvert aðildarlandanna skal eftir undirritun þessa samnings – eftir því sem unnt er – hlutast til um breytingar á gildandi innlendum reglum í samræmi við meginreglur þær sem lýst er í 1.-5. grein.

7. grein

Aðalstjórnvöldum skólamála í aðildarlöndunum ber að fylgjast með þróun vinnumarkaðar kennara í hlutaðeigandi löndum og tilkynna Norrænu vinnumarkaðsnefndinni ef sérstakra aðgerða er þörf.

Aðalstjórnvöldum skólamála ber að skiptast stöðugt á upplýsingum um atriði sem máli skipta til að meta þróunina á vinnumarkaði kennara í aðildarlöndunum.

8. grein

Samningurinn öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt íslenska utanríkisráðuneytinu að hann hafi verið samþykktur.

Íslenska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og gildistöku samningsins.

9. grein

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til íslenska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir þá öðrum samningsaðilum um að slík tilkynning hafi borist og um efni hennar.

Uppsögn tekur aðeins til þess samningsaðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að íslenska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

* Sjá „Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samræmingu eftirlaunaréttinda samkvæmt reglum um eftirlaun ríkisstarfsmanna“ frá 18. desember 1973.

10. grein

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í íslenska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík hinn 29. september 1986 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um samning um norrænan þróunarsjóð.

Í dag var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs. Samningurinn var gerður í Stokkhólmi 3. nóvember 1988. Alþingi heimilaði staðfestingu samningsins með ályktun 20. desember 1988. Hann öðlast gildi 30. janúar 1989.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. desember 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um stofnun norræns þróunarsjóðs

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa ákveðið að efla norræna þróunarsamvinnu, sem hefur að markmiði að styðja efnahagslega og félagslega þróun í þróunarlöndunum, og hafa í því skyni orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Norrænn þróunarsjóður, en heiti hans á ensku er Nordic Development Fund, hér eftir nefndur Sjóðurinn, skal stofnaður með því markmiði að efla efnahagslega og félagslega þróun í þróunarlöndum með því að taka þátt í að fjármagna verkefni sem eru samnorrænt hagsmunamál með sérstaklega hagstæðum kjörum.

2. gr.

Sjóðurinn skal hafa stöðu lögpersónu.

3. gr.

Starfsemi Sjóðsins fer eftir þeim samþykktum sem fylgja samningi þessum. Norræna ráðherra-nefndin getur ákvarðað að breyta samþykktum þessum.

4. gr.

Samningsaðilar leggja fram stofnfé Sjóðsins.

Aukning stofnfjár getur átt sér stað á grundvelli ákvörðunar norræna ráðherranefndarinnar að fenginni beiðni frá stjórn Sjóðsins.

Upphæð stofnfjár, tækifæri til að leggja fram viðbótarstofnfé og skiptingin milli þátttökulandanna skal ákveðin í 2. gr. samþykktanna.

5. gr.

Starfsstöð Sjóðsins skal vera í höfuðstöðvum Norræna fjárfestingarbankans.

6. gr.

Sjóðurinn skal vera laus undan greiðsluhöftum og öðrum stefnumarkandi lánaðstöfunum sem geta hindrað eða torvelað starfsemi Sjóðsins í framkvæmd.

Fjármagn og tekjur Sjóðsins skulu vera undanþegnar skattlagningu. Að því er fjármögnunarstarfsemina varðar skal Sjóðurinn vera undanþeginn stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera.

7. gr.

Norræna ráðherranefndin tekur í síðasta lagi hinn 1.12.1991 afstöðu til áframhaldandi starfsemi Sjóðsins.

Norræna ráðherranefndin getur ákvarðað að leysa skuli Sjóðinn upp samkvæmt þeirri tilhögun sem greinir í 10. gr. samþykktanna.

8. gr.

Samningurinn og samþykktirnar, sem greinir í 3. gr., taka gildi 30 dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu um samþykki sitt á samningnum.

Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og gildistöku samningsins.

9. gr.

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til sænska utanríkisráðuneytisins, sem tilkynnir öðrum samningsaðilum og stjórn Sjóðsins um móttöku tilkynningarinnar og efni hennar. Uppsögnin tekur í fyrsta lagi gildi við lok þess reikningsárs sem kemur á eftir því ári sem uppsögnin átti sér stað í og í fyrsta lagi að liðnum 5 árum eftir gildistöku þessa samnings.

Taki norræna ráðherranefndin ekki ákvörðun um, eftir að samningsaðili hefur sagt samningnum upp, að leysa Sjóðinn upp, skal hún taka ákvörðun, í síðasta lagi áður en uppsögnin öðlast gildi, á hvern hátt skal útljá samskipti Sjóðsins og þess aðila sem hættir aðild. Tryggja skal að aðili sem hættir aðild sé áfram ábyrgur á sama hátt og aðrir aðilar fyrir skuldbindingum Sjóðsins sem voru fyrir hendi þegar hann hætti aðild.

10. gr.

Frumtexti þessa samnings skal varðveittur í sænska utanríkisráðuneytinu, er lætur öðrum samningsaðilum í té staðfest endurrit hans.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullgilt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi hinn 3. nóvember 1988 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

SAMÞYKKTIR FYRIR NORRÆNAN ÞRÓUNARSJÓÐ

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa með samningi dagsettum 3. nóvember 1988 ákveðið að stofna norrænan þróunarsjóð.

Markmið**1. gr.**

Norrænn þróunarsjóður, en heiti hans á ensku er Nordic Development Fund, hér eftir nefndur Sjóðurinn, hefur að markmiði að efla efnahagslega og félagslega þróun í þróunarlöndum með því að taka þátt í að fjármagna verkefni sem eru samnorrænt hagsmunamál með sérstaklega hagstæðum kjörum.

Stofnfé**2. gr.**

Stofnfé Sjóðsins er 100 millj. SDR.

Fimmta hluta stofnfjárins (20 millj. SDR) skal greiða inn í Sjóðinn í síðasta lagi hinn 1.1.1989 samkvæmt gengi SDR á innborgunardeginum.

SDR er skilgreint í samræmi við þá skráningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákvað frá 1. janúar 1981. Ef þessari skráningu verður breytt mun stjórnin fylgja þeirri ákvörðun sem stjórn Norræna fjárfestingarbankans tekur um það að hve miklu leyti bankinn skuli fylgja hinum nýju reglum.

Af stofnfé til starfsemi Sjóðsins er hluti danska ríkisins 20,0 millj. SDR, finnska ríkisins 20,3 millj. SDR, íslenska ríkisins 0,9 millj. SDR, norska ríkisins 21,5 millj. SDR og sænska ríkisins 37,3 millj. SDR. Framlög ríkjanna eru afhent Sjóðnum til ráðstöfunar á gjafagrundvelli.

Aukning stofnfjár getur átt sér stað á grundvelli ákvörðunar norrænu ráðherranefndarinnar að fenginni beiðni frá stjórn Sjóðsins. Aukningin skiptist milli ríkjanna samkvæmt því hlutfalli sem á hverjum tíma gildir um samnorrænar fjárfestingar.

Þess er vænst að ráðstöfunarfé Sjóðsins verði ávaxtað á tryggilegan hátt og afraksturinn verði notaður til starfsemi Sjóðsins.

Starfsemi**3. gr.**

Sjóðurinn veitir vaxtalaus lán til þróunarlanda í verkefni sem styrkja þróun. Við lánveitingar til annarra ríkja en þeirra sem eru fullvalda skal Sjóðurinn jafnan krefjast ríkisábyrgðar eða tryggingar sem hann metur gildar.

Sjóðurinn skal einbeita sér að fátækum löndum og aðeins í undantekningartilvikum veita lán til annarra landa en þeirra sem hafa lágar tekjur og lægri meðaltekjur.

Við þátttöku Sjóðsins í fjármögnun verkefna ber að taka tillit til greiðslugetu móttökulandsins.

Sjóðurinn getur og gert aðrar þær ráðstafanir sem tengjast starfsemi hans og eru nauðsynlegar eða æskilegar til að ná markmiðum hans.

4. gr.

Reikningshald Sjóðsins skal vera í SDR. Reikningsárið fylgir almanaksárinu.

Ársskýrsla Sjóðsins og ársreikningar skulu sendir norrænu ráðherranefndinni.

Stjórn**5. gr.**

Með málefni Sjóðsins fer stjórn, framkvæmdastjóri og annað starfslíð sem nauðsynlegt er fyrir starfsemi hans.

6. gr.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum. Hvert ríkjanna tilnefnir mann í stjórnina til allt að fimm ára. Hvert ríki tilnefnir á sama hátt varamann fyrir hvern stjórnarmann.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann til eins árs. Fulltrúar landanna skiptast á um formennsku og varaformennsku í stjórninni.

Stjórnin kemur saman til fundar eftir ákvörðun formanns eða þegar tveir stjórnarmenn eða framkvæmdastjórinn fara þess á leit.

Stjórnin er ályktunarhæf þegar a.m.k. fjórir stjórnarmenn eða atkvæðisbærir varamenn eru mættir. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði, en varamaður er aðeins atkvæðisbær í fjarveru stjórnarmanns. Ákvörðun stjórnarinnar er því aðeins gild að enginn atkvæðisbær stjórnarmaður sé andvígur henni.

Stjórnin setur sér sjálf fundarsköp.

Fulltrúi Norræna fjárfestingarbankans situr fundi stjórnarinnar án atkvæðisréttar.

7. gr.

Stjórnin fer með vald um málefni Sjóðsins, en getur í þeim mæli er hún telur heppilegt falið framkvæmdastjóranum það eða Norræna fjárfestingarbankanum.

Framkvæmdastjórinn annast daglegan rekstur Sjóðsins og fylgir þeim meginreglum og fyrirmælum sem stjórnin hefur sett.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til mest fimm ára í senn. Framkvæmdastjórinn má ekki vera stjórnarmaður eða varamaður í stjórn. Framkvæmdastjórinn situr fundi stjórnarinnar án atkvæðisréttar.

8. gr.

Til að skuldbinda Sjóðinn undirskrifa tveir af eftirfarandi: stjórnarmenn, varamenn, framkvæmdastjórinn eða þeir sem stjórnin hefur veitt umboð til þess.

Önnur ákvæði

9. gr.

Eftirlitsnefnd skal fylgjast með því að starfsemi Sjóðsins sé rekin í samræmi við samþykktirnar. Eftirlitsnefndin er ábyrg fyrir endurskoðun og sendir árlega endurskoðunarskýrslu til norrænu ráðherranefndarinnar.

Hlutverki eftirlitsnefndar gegnir sú eftirlitsnefnd sem norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð hafa kjörið til að annast endurskoðun Norræna fjárfestingarbankans.

10. gr.

Nú hyggst norræna ráðherranefndin leysa upp Sjóðinn og skal ráðherranefndin þá velja menn til að annast það verk. Ekki er unnt að leysa Sjóðinn upp og endurgreiða eða ráðstafa stofnfénu fyrr en skuldbindingartími gagnvart lánum eða öðrum rekstri er liðinn.

